

KJARVAL



998 KR. RG.

Góða sænskar kjötbollar



1.298 KR. 900G

Rose Kjúklingabringur danskur



439 KR. RG.

Bautabúrs kindabjúgu



699 KR. RG.

Bautabúrs blandað hakk



798 KR. PK.

Góða pítupakki 6 stk



59 KR. STH.

Roka núðlur



469 KR. PH.

Weetaflakes morgunkorn



20% afsláttur

KÉA skyrdrykkur



149 KR. STH.

Sprite 2L. Sprite Zero 7 L.



299 KR. STH.

Harpic Lemon 750 ml.



279 KR. STR.

Kuchen Meister kökur, 4 teg.



2.490 KR. PH.

Bílaskófla, kústur og ísskafa

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SIMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Aðalfundur

Félags Eldri Borgara

í Skaftárhreppi verður haldinn á
Hótel Klaustri
föstudaginn 6. febrúar kl. 13.30

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál
Nýir félagar velkomnir
Stjórnin



Drengur fæddur 23. nóvember 2008
Lengd 50,5 - Þyngd 3500 grömm
Foreldrar Lára Oddsteinsdóttir
og Jóhann Pálmason, búsett í Vík

Kirkjuskólinn í Mýrdal

Munið eftir samveru
Kirkjuskólans
næsta laugardag kl. 11:15 - 12:00
í grunnskóla Mýrdalshrepps.
Nýjar bækur með skemmtilegum
sögum.

Hlakka til að hitta ykkur

Sr. Haraldur M. Kristjánsson

Svínakjöt beint frá bónda.

Allar upplýsingar á heimasíðu okkar
www.123.is/Ormsstadir

málsháttur vikunnar
RÆÐAN ER SILFUR, EN ÞÖGNIN GULL

Ný netverslun - www.fallegfot.com
Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.

VITINN á www.sudurland.net

6. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 4. FEBRÚAR 2009

SMÁAUGLÝSINGAR

Þorrablót á Ketilsstöðum

Áður auglýst þorrablót sem haldið verður
laugardaginn 7. febrúar 2009.



Húsið opnar kl. 20.00
Borðhald hefst kl. 20.30

Vinsamlegast sækið pantaða miða
milli kl. 20.00 og 21.00

fimmtudagskvöldið 5. febrúar n.k.

Miðaverð kr. 5000.-



Þorranefndin

Húsmæðraorlof !!



Ágætu Húsmæður

Laugardaginn 7. mars n.k. er hugmyndin að leggja Suðurland undir hjólin og fara í leikhús og sjá *“Fló á Skinni”* sem sýnt er í Borgarleikhúsinu.

Vegna mjög mikilla vinsælda á leikverkinu verðum við að vera snöggar að ákveða okkur, og viljum við undirritaðar fá að vita um þátttöku ykkar ekki seinna en 10. febrúar.

F.H. Orlofsnefndar S.V.S.K..

Rannveig Bjarnadóttir símar: 487-4651 og 865-7387

Svanhvít Sveinsdóttir símar: 487-1238 og 864-6026

Þorrablót Víkurbúa 2009

var haldið í Leikskálum laugardaginn 24. janúar síðastliðin.

Alls voru 224 miðar seldir. (180 í fyrra) Þessa góðu þátttöku má meðal annars þakka góðu veðri og verðurspá m.a. gola og 4° hiti og smáskúrir. Nokkur hópur burtfluttra Víkurbúa sóttu áttagana heim m.a. Hákon Kristmundsson, sem var að halda upp á fimmtugsafmælið sitt og mætti ásamt systkinum, mökum og fl. Áberandi margt var af ungu fólki. Afbragðs góður þorramatur að sögn var frá Hótel Kirkjubæjarklaustri. Verð aðgöngu-miða kr. 5.199. Dagskráin góð að sögn við-staddra.

Allir sagðir hafa sloppið lítt sárir eftir annál ársins. Það voru hinir góðkunnu heimamenn í Granít auk Auðberts á nikkunni sem sáu um tónlistina við góðar undirtektir gesta enda stóð dansinn fram á nótt með sama dúndrandi fjörinu. Í pásu hljómsveitarinnar spiluðu upprennandi músikkantar í sveitinni, unglings-hljómsveitin "Gegndrepa", og var góður rómur gerður að leik þeirra félaga. Vel heppnað blót að sögn blótara og allt kreppupal látið lönd og leið. E.



“Af mörgu var að taka á þorrablótinu m.a. heiðruðu Bogi og Örvar samkomuna með nærveru sinni. Á blótinu fengust einnig upplýsingar um hvers vegna stytta “FÖR” hefur snúið sér um 5 gráður. Ástæðuna má rekja til þessa að ákveðið var að snúa henni frekar til vina okkar í Færeyjum, sem reynst hafa Íslendingum vinir í raun”.

Mynd og texti tekin af vik.is

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Samantekt vikuna 26. janúar til 2. febrúar 2009

Vikan var frekar róleg hjá okkur en engin stórslys urðu hjá okkur í vikunni þó að snjó-koma hafi verið og hálsa fylgt í kjölfarið. Tvær bílveltur urðu í vikunni. Önnur við Ásmunda-staði þar sem ökumaður fékk högg á höfuð en betur fór en á horfðist. Svo var bílvelta við Gíslholt en þar sluppu allir án teljandi meiðsla.

Grjóthrun var við bæinn Steina við Holtsósinn. Þarna hafa fallið stór björg og það er spurning hversu lengi þetta sleppur en það þarf ekki að spyrja að leikslokum ef þetta færi á bíl. Með leyfi Jónasar í Fagradal birtum við tvær myndir úr síðasta hruni sem var miðvikudaginn 28. jan. s.l.

Sex ökumenn voru stöðvaðir fyrir að aka of hratt í vikunni en sá sem hraðast ók var á 122 km hraða þar sem 90 km hámarkshraði er. Skráningarnúmer voru tekin af fjórum ökutækjum þar sem tryggingar voru ekki í lagi. Sextán ökutæki voru boðuð til skoðunar.

Bifreið var tekin ófrjálsri hendi í Vík í Mýrdal en lykjar höfðu verið skildir eftir í henni og hún ólæst. Bifreiðin fannst síðan skammt austan við Selfoss. Málið er til rannsóknar hjá lögreglunni á Hvolsvelli. Tilraun var gerð til að brjótast inn í Víkurskála og telst málið vera upplýst. Rúða mun hafa verið brotin.

Þorrablót fóru vel fram um s.l. helgi, engin líkamsárás hefur verið kærð. Enginn var stöðvaður grunaður um að hafa ekið undir áhrifum áfengis á okkar svæði og erum við mjög ánægðir með þann árangur.

Tekið saman af, Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra, Kirkjubæjarklaustri



Björgunarsveitin Víkverji

Þakkar þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum sem að styrktu flugeldasýningar okkar um síðastliðin áramót.

Einnig viljum við þakka góðar undirtektir í fjáröflunum okkar á árinu bæði í söfnun á einnota umbúðum, sölu á wc pappír ofl.




Þann 8. febrúar 1939 var Slysavarnardeildin Vonin, forveri Björgunarsveitarinnar Víkverja, stofnuð hér í sveit. Síðan eru víst liðin 70 ár þótt ótrúlegt sé.

Af því tilefni og til að sýna þakklæti okkar verðum við með opið hús sunnudaginn 8. febrúar kl. 15.00 þar býðst gestum að skoða hvað við erum að gera í húsinu okkar og þiggja hjá okkur sunnudagskaffi.

Óvæntar upptakomur ef að veður leyfir.

Hlökkum til að sjá ykkur

Stjórn Víkverja



FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

442. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn þriðjudaginn 27. janúar 2009 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnáði.

Gerðir fundarins:

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 155. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 11. desember 2008.

Á fundinum kynntu Vegagerðin og Siglingastofnun skýrslu Vegagerðarinnar um legu Suðurlandsvegur um Mýrdal og áform um sjóvarnir í Víkurfjöru.

Lagt fram til kynningar.

2. Fundargerð 156. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 15. janúar 2009.

Fundargerðin samþykkt.

3. Fundargerð 157. fundar fræðslunefndar frá 26. janúar 2009.

Á fundinum voru m.a. samþykktar fjárhagsáætlanir leik- grunn- og tónskóla fyrir árið 2009. Í fjárhagsáætlun leikskóla er m.a. gert ráð fyrir að leikskólinn loki kl. 16:00 og í fjárhagsáætlun tónskóla er m.a. yfirvinna takmörkuð við að nemendum í strengjanámi sé boðið upp á ½ nám. Í fjárhagsáætlun grunnskóla er m.a. gert ráð fyrir að gjaldtaka fyrir dægradvöl heimangöngubarna verði 100 kr. fyrir hverja stund með 50% afslætti fyrir annað barn og 75% afslætti fyrir þriðja. Gert er ráð fyrir að draga saman um 15 kennslustundir á viku frá og með næsta skólaári.

Fundargerðin samþykkt.

4. Fundargerð 155. fundar rekstrarnefndar Hjallatúns frá 26. janúar 2009.

Á fundinum var m.a. samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 þar sem gert er ráð fyrir um 7 millj. kr. rekstrarhalla. Ekki er gert ráð fyrir framlagi frá Mýrdalshreppi á árinu.

Fundargerðin samþykkt.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Sýslumannsins í Vík dags. 13. janúar 2009.

Sýslumaður óskar umsagnar vegna útgáfu veitingaleyfis í flokki II fyrir Undanfara ehf. vegna Halldórscaffis.

Sveitarstjóri gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins.

2. Bréf Samráðshóps íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal dags. 16. janúar 2009.

Með bréfinu er óskað eftir að gert verði þrívíddar-tölvumódel sem sýni nýjar og/eða breyttar veglínur þjóðvegur 1 um Mýrdal og að myndirnar verði aðgengilegar almenningi fyrir eða á næsta kynningarfundum sem sveitarstjórn heldur um þessi mál. Samþykkt að fela Landmótun ehf. gerð slíks líkans í samræmi við fyrirliggjandi verðhugmyndir.

3. Fyrirspurn foreldra skólaakstursbarna dags. 16. janúar 2009.

Spurst er fyrir um hvernig sveitarstjórn hyggist haga samningum um skólaakstur fyrir næsta skólaár. Samkvæmt innkaupareglum Mýrdalshrepps sem samþykktar voru 20. desember 2007 skal viðhafa útboð ef áætluð fjárhæð kaupa á þjónustu fer fyrir yfir 15 millj. kr. (verðlag í janúar 2008). Sé ekki viðhaft útboð skulu fyrirspurnir vera undanfari kaupa á þjónustu sé upphæð yfir 5 millj. kr. (verðlag í janúar 2008).

Samkvæmt þessu hefur sveitarstjórn val um að semja um skólaakstur til eins árs eftir fyrirspurnaferli eða bjóða út þjónustuna.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Green Globe.

Fyrir liggur skýrsla um Green Globe á Mið-Suðurlandi og minnisblað dags. 17. nóvember 2008. Fram kemur að með upplýsingaskilum sveitarfélaga fyrir árin 2008 og 2009 megi gera ráð fyrir fulln- aðarvottun árið 2010.

Sveitarstjórn samþykkir að gera ráð fyrir 150.000,- kr. framlagi til verkefnisins á fjárhagsáætlun 2009 og óskar eftir fundi með samstarfsveitarfélögum um framhald verkefnisins.

2. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga - bréf félags- og tryggingamálaráðuneytis dags. 15. desember 2008.

Með bréfinu er tilkynnt ákvörðun ráðuneytisins að hækka grunnfjárhæðir í leiðbeiningum sínum um fjárhagsaðstoð í samræmi við hækkun á neyslu- verðsvísitölu.

Sveitarstjórn óskar eftir að samráðshópur aðila Félagsþjónustunnar fjalli um málið á sínum vettvangi. Afgreiðslu frestað.

3. Sameining heilbrigðisstofnanna - bréf heilbrigðisráðuneytis dags. 7. janúar 2009. Lagt fram til kynningar.

4. Verkfallslistar.

Fyrirliggjandi skrá skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna samþykkt og sveitarstjóra falið að auglýsa skrána í B-deild Stjórnartíðinda.

5. Fjárhagsáætlanir Félagsþjónustu.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að ráðið verði í starf verkstjóra í heimaþjónustu en frestar umræðu um aðrar fjárhagsáætlanir þar til nánari upplýsingar liggja fyrir.

6. Fjárhagsáætlun 2009, seinni umræða.

Útvar verður 13,28% og álagningarhlutfall fasteignaskatts óbreytt frá árinu 2008,

þ.e. 0,56 í A-flokki, 1,32 í B-flokki og 1,49 í C-flokki.

Eftirfarandi gjaldskrár liggja fyrir:

Gjaldskrá fyrir sorphirðu, gjaldskrár fyrir leik- og tónskóla, gjaldskrá fyrir leigufúðir.

Fjárhagsáætlun 2009 gerir ráð fyrir að heildartekjur verði um 287,1 millj. kr. rekstrargjöld um 263,9 millj. kr. og fjármagnsliðir neikvæðir um 27,0 millj. kr. Launagreiðslur eru áætlaðar um 155,6 millj. kr. Rekstrarhali samstæðu er áætlaður um 4 millj. kr.

Afborganir langtímalána verða 17,4 millj. kr og gert er ráð fyrir nýjum lántökum sem nemur 20 millj. kr. Gert er ráð fyrir fjárfestingum sem nemur 47,7 millj. kr. Gert er ráð fyrir að ljúka framkvæmdum við Bakkabraut og Árbraut og kaupa bíl fyrir áhaldahús. Ákvörðun um frekari framkvæmdir frestað.

Fjárhagsáætlun 2009 verður endurskoðuð eftir 6 mánuði.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrár og fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

7. Þriggja ára áætlun 2010-2012.

Vísad til seinni umræðu.

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð 420. fundar stjórnar SASS frá 12. desember 2008.

2. Fundargerð 421. fundar stjórnar SASS frá 9. janúar 2009.

3. Fundargerð 115. fundar heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 16. desember 2008.

4. Fundargerð 110. fundar stjórnar Skólaskrifstofu frá 19. nóvember 2008.

5. Fundargerð 111. fundar stjórnar Skólaskrifstofu frá 12. janúar 2009.

6. Fundargerð 15. fundar félagsmálanefndar frá 13. janúar 2009.



Íbúafundur um skipulagsmál

verður haldinn í félagsheimilinu Leikskálum í Vík fimmtudaginn 12. febrúar nk. kl 20:00.

- Fulltrúar Vegagerðarinnar kynna hugmyndir um veglínur Suðurlandsvegur um Mýrdal.
- Fulltrúar Siglingastofnunar kynna áætlanir um sjóvarnir í Víkurfjöru.
- Skipulagsfulltrúi kynni stöðu aðalskipulagstillögu.

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps



Rauði kross Íslands
Víkurdeild

Frá RKÍ Víkurdeild

Fyrirhugað er að halda Fjöldahjálparstjóranámskeið (námskeið í móttöku og skráningu á fólki á neyðarstundu) þriðjudaginn 17. febrúar n.k. kl 17-22 ef næg þátttaka fæst.

Skráning fer fram hjá formanni deildarinnar í síma 868-6441 eða á netfangið vik50@simnet.is

Námskeiðið er öllum opið og námskeiðstjald er greitt af RKÍ Víkurdeild.

Ólína Jónasdóttir var góður hagrðingur hún orti þorravísur 1945, alls 21 vísu

Þessar vísur Ólínu er fengnar af síðunni:
Húnaflói - Hvítserkur

Hylur leiðir hríðin dimm hlýju eyðir vorri hrönnin freyðir há og grimm heilsar reiður þorri.

Von í hjarta vekur sól vetri margt þó lúti. Fjöllin skarta klakakjól kalt og bjart er úti.

Héla á glugga, hnípið láð hér til muggu dregur. Norðri bruggar nöpur ráð nú er hann skuggalegur.

Myndlistasýning á degi leikskólans.

Börnin í leikskólanum Kærabæ ætla að opna myndlistasýningu á Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum á Kirkjubæjarklaustri föstudaginn 6. febrúar, degi leikskólans.

Á sýningunni verða til sýnis verkefni sem börnin hafa unnið að í vetur.

Efniviðurinn tengist náttúru og endurvinnslu en á Kærabæ er lögð áhersla á að börnin kynnist hvoru tveggja.

Sýningin opnar kl. 14.00 í matsal Klausturhóla og eru allir sveitungar boðnir velkomnir. Sýningin mun svo standa yfir næstu vikurnar.

Börn og starfsfólk Kærabæjar.

Starfsmaður óskast

Golfklúbburinn í Vík óskar eftir að ráða vallarstarfsmann



Umsóknir berist í síma 861 1779 eða golf@vik.is

Golfklúbburinn



Eins og þessi mynd Jónasar í Fagradal sýnir, er um þessar mundir mikil fjara sunnanundir Reynisfjalli, sjálfsagt er það sandurinn sem grafið hefur úr Víkurfjöru að undanfögnu.

7. Fundargerð 30. fundar barnaverndarnefndar frá 11. desember 2008.

8. Fundargerðir 24. - 29. funda stjórnar Félagsþjónustu.

9. Fundargerð aukaaðalfundar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 19. desember 2008.

V. *Annað kynningarefni*

1. Bréf Þórisholts ehf. dags. 22. desember 2008.

2. Auglýsing um nýtt fasteignamat.

3. Bréf samgönguráðuneytis dags. 30. desember 2008.

4. Bréf Lionsklúbbsins Suðra.

5. Bréf Christiane Bahner hdl. dags. 5. janúar 2008.

6. Bréf félags tónskólakennara dags. 6. janúar 2009.

7. Bréf félags- og tryggingamálaráðuneytis dags. 9. janúar 2009.

8. Bréf Bændasamtaka Íslands dags. 16. janúar 2009.

9. Bréf Heilbrigðisstofnunar Suðurlands dags. 15. janúar 2009.

10. Bóthildur.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:50

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Sif Hauksdóttir, Elín Einarisdóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.

Falleg saga af Barnalandi:

Gömul þjóðsaga segir frá barni sem var við það að fæðast.

Barnið snýr sér að Guði og segir:

- Mér var sagt að ég verði sendur á jörðina á morgun: en hvernig get ég lifað eins lítill og ósjálfbjarga sem ég er?

- Ég hef valið engil fyrir þig úr hópi engla, og hann bíður eftir þér. Þessi engill

mun sjá um þig.

- En segðu mér, hérna á himninum geri ég ekkert annað en að syngja og brosa og það er nóg til þess að vera hamingjusamur.

- Engillinn þinn kemur til með að syngja fyrir þig, hann brosir til þín alla daga og þú verður umlukinn ást hans og þannig verðurðu hamingjusamur.

- En hvernig get ég skilið þegar fólk talar við mig þar sem ég þekki ekki tungumálið sem mennirnir tala?

- Engillinn þinn segir falleg orð við þig, fallegustu orð sem þú hefur nokkur tíma heyrt, og með mikilli þolinmæði og kærleik kennir hann þér að tala.

- En hvað geri ég ef ég vil tala við þig?

-Þá setur engillinn þinn hendurnar þínar saman og kennir þér að biðja

- Ég hef heyrt að á jörðinni séu til vondir menn. Hver getur varið mig?

-Engillinn þinn mun verja þig, þó svo það kosti hann lífið.

- En ég verð alltaf sorgmæddur því ég sé þig ekki oftar.

-Engillinn þinn á eftir að segja þér frá mér og vísar þér veginn í áttina til mín, en þú mun ég alltaf vera við hlið þér.

-Á þessu andartaki færðist ró yfir himininn og guðdómlegar raddir heyrðust, og barnið sagði: -Kæri Herra, þar sem ég er að fara segðu mér; Hvað heitir engillinn minn?

-Nafn hans skiptir ekki máli, þú kallar hann bara "Mömmu".





Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu í Skaftárhreppi

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 12. janúar 2009 að auglýsa til kynningar eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu í Skaftárhreppi . samkv. 1. málsgrein 25 og 1. og 2. málsgrein 18. gr. Skipulags og byggingarlaga nr 73/1997 með síðari breytingum:

Skaftárhreppur - Klausturhlað
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Gerð er breyting á deiliskipulagi Klausturvegar 3-5 þannig að deiliskipulagssvæðið stækkar og tekir þannig einnig til Klausturvegar 1. Ekki er gerð breyting á skilmálum gildandi deiliskipulags fyrir lóðina Klausturvegur 3-5. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er landnotkun fyrir Klausturveg 1 skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði í tengslum við ferðaþjónustu. Þar er gert ráð fyrir sýningar- og sölu-aðstöðu, gistingu og skrifstofum.

Enn fremur er gert ráð fyrir stækkun lóðar að Klausturvegi 1 og heimild til lítilsháttar útlitsbreytinga á húsakosti innan lóðarinnar.

Skipulagsupprættir með greinargerð munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 15 á Kirkjubæjarklaustri og á heimasíðu Skaftárhrepps, slóðin:

[<http://www.klaustur.is/?i=51&expand=46-51>] frá 6. febrúar 2009 til 6. mars 2009. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartilöguna. Athugasemdum skal skila á skrifstofu Skaftárhrepps eigi síðar en 20. mars 2009 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartilöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Skipulags og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps



Rauði kross Íslands
Klaustursdeild

Aðalfundur

Klaustursdeildar Rauðakrossins verður haldinn á Hótel Kirkjubæjarklaustri miðvikudaginn 11. febrúar kl. 16:30

Fundarefni:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. önnur mál

Gestur fundarins verður Jóhanna Róbertsdóttir svæðisfulltrúi Rauðakrossins á Suðurlandi og Suðurnesjum.

Kaffiveitingar í boði deildarinnar.

Verið velkomin á aðalfundinn.

Stjórn Klaustursdeildar.



Skemmtileg mynd frá öðru sjónarhorni af Dyrhólaey sem Jónas í Fagradal tók í sl. viku

Vísnaátur Sveins Víkings

Lausnarorð hvernar gátu er að jafnaði fólgid í hverri hendingu vísunnar, en í mismundandi merkingu.

Löng er tíðum lögð í sjó.
Á landi oftast skrifuð þó.
Henni flokknum fylgja ber.
Á flestra ævi hlykkjott er.

Lína

Í alin fyrrum taldi tveir.
Títt um hryggi vaxa þeir.
Heimskir af þeim heiti fá.
Hygg ég flestir borði þá.

Þorskur

Hvildust margir þreyttir þar.
Þurru var á elda bætt.
Langstætt, válynt veðurfar.
Valið heiti stórrí ætt.

Vantar ráðningu